

Alþingi
Erindi nr. P 130/1096
komudagur 7.4.2004



**VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS**

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Reykjavík, 2. apríl 2004

Efni: Til. til þingsál. um stjórnunar- og eignatengsl í viðskiptalífinu (336. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsál.tillögu. Mikil umfjöllun hefur verið um eignatengsl í íslensku atvinnulífi á undanförunum misserum og fjölmiðlar hafa nýverið gert viðamiklar úttektir á þessu sviði. Verslunarráð Íslands telur ekki að sérstök þörf sé á frekari úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í íslensku viðskiptalífi og er því ekki fylgjandi þingsál.tillögu þessari.

Verslunarráð Íslands bendir þess í stað á að hyggilegt kann að vera að stjórnvöld geri athugun á því hvernig megi koma á eða auka heilbrigða samkeppni á þeim sviðum þar sem samkeppni hefur verið hindruð með ákvörðunum eða afskiptum ríkisvaldsins. Þá gæti slík athugun leitt í ljós raunverulegan kostnað íslenskra heimila af þeim höftum sem enn er að finna í viðskiptum hérlendis. Á mörgum sviðum ríkir enn einokun hins opinbera, afskipti ríkisins eru mikil eða umtalsverð höft eru sett á heilbrigða samkeppni. Í þessu sambandi má nefna ýmis höft á innflutningi landbúnaðarvara, ríkisumsvif í fjarskiptastarfsemi, rekstur Ríkisútvarpsins, rekstur ÁTVR og Fríhafnar í Leifsstöð, margvíslegar einka- eða sérleyfisveitingar sem hindra samkeppni o.fl. Með samkeppnisvæðingu á þessum sviðum má bæta viðskiptaumhverfið til hagsbóta fyrir neytendur og þjóðfélagið allt.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigbrúður Ármann

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is